



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13.3.2018
Tilvísun: 201802-0044

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu), 39. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu), 39. mál.

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að gera breytingar á ákvæðum laga almannatryggingar er varða réttindi örorkulífeyrisþega svo bæta megi kjör þess hóps og koma í veg fyrir „krónu á móti krónu“ skerðingar sem eru með öllu óásættanlegar.

Í því samhengi leggur ASÍ áherslu á að slík breyting verði gerð með í heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga frá árinu 2016. Ný nálgun í mati á starfsgetu og heildarendurskoðun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart örykjum er löngu tímabær og þarf að ráðast í nú þegar.

Félags- og jafnréttismálaráðherra hefur nýverið óskað eftir tilnefningum í nýjan starfshóp um breytt framfærslukerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu sem ætlað er að gera tillögur að nýju greiðslukerfi sem styðji við þegar fram komnar tillögur um mótun og innleiðingu starfsgetumats. ASÍ hefur skipað sameiginlegan fulltrúa í hópinn ásamt BSRB, BHM og KÍ en í honum eiga sæti auk fulltrúa frá ÖBÍ og Þroskahjálp, fulltrúar þingflokka á Alþingi og einn sameiginlegur fulltrúi samtaka atvinnurekenda. ASÍ væntir þess að starf hópsins muni leiða til þess að unnt verði að gera nauðsynlegar breytingar hvað þessa þætti varðar sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Velferðarnefnd Alþingis

Alþingi

101 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2018

Efni: Umsögn EAPN á Íslandi um frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu), 39 mál á 148. löggjafarþingi.

EAPN á Íslandi eru regnhlífasamtök félaga sem berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á Íslandi og voru stofnuð í upphafi árs 2011. Samtökin eiga aðild að EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Lykilatriði í baráttu EAPN er virk þátttaka fólks sem lifir í fátækt. Í þeim tilgangi starfar Pepp á Íslandi innan EAPN á Íslandi sem samanstendur af fólki sem hefur sjálft upplifað fátækt og félagslega einangrun.

Aðildarfélögin eru Félag einstæðra foreldra, Hagsmunasamtök heimilanna, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleiksbjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg Landssamband hreyfihamlaðra, Velferðarsjóður Suðurnesja og Öryrkjabandalag Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstök uppbót til framfærslu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 verði felld niður og fjárhæð hennar færð undir 22. gr. laga um almannatryggingar. Markmið breytingarinnar er að draga úr skerðingum fyrir lífeyrisþega, þar sem sérstaka framfærsluuppbótin skerðist um 100% vegna allra tekna sem örorkulífeyrisþegi kann að fá, en minna ef upphæðin fellur undir lög um almannatryggingar. Sérstök uppbót til framfærslu lífeyrisþega kom fyrst til framkvæmda með reglugerð frá og með 1. september 2008. Ákvæðið var svo lögfest með lögum nr. 120/2009. Markmið uppbótarinnar var að tryggja þeim lífeyrisþegum sem minnst hefðu ákveðna lágmarksframfærslu, á tímum mikils samdráttar í ríkisfjármálunum.¹

Hærra hlutfall öryrkja en flestra annarra hópa í samfélaginu býr við fátækt eða félagslega einangrun. Í könnun Hagstofunnar um skort á efnislegum gæðum bjuggu 23% öryrkja og langveikra við skort á efnislegum gæðum og 11,3% við verulegan skort á efnislegum gæðum árið 2014. Til samanburðar voru það 3,2% þeirra sem voru í fullu starfi sem bjuggu við skort á efnislegum gæðum og 0,6% við verulegan skort á efnislegum gæðum ef þeir voru í fullu starfi þetta sama ár.

Skilgreining þeirra sem teljast búa við skort á efnislegum gæðum er að þeir búi á heimili sem þrennt af eftirfarandi á við. Þeir sem búa á heimilum þar sem fernt af eftirfarandi á við um eru taldir búa við verulegan skort:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetis máltíð að minnsta kosti annan hvern dag.

¹ <http://www.althingi.is/altext/138/s/0315.html>

4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 160 þúsund árið 2011).
5. Hefur hvorki efni á heimasíma eða farsíma.
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Hefur ekki efni á þvottavél.
8. Hefur ekki efni á bíl.
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.²

Helsta markmið EAPN á Íslandi er að berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun og verja hagsmuni þeirra sem búa við fátækt. Aðstæður fólks geta verið mismunandi og ólíkar ástæður fyrir erfiðleikum fólks. Afstaða EAPN á Íslandi er einföld: Fátækt og félagsleg einangrun eru brot á grundvallar mannréttindum því fátækt gerir fólki ekki kleift að lifa með reisn.

Því fagnar EAPN á Íslandi allri viðleitni til að bæta kjör þeirra sem verst standa. Breytingar sem ætlað er að draga úr skerðingum tekna á greiðslur almannatrygginga nýtast þeim sem hafa aðrar tekjur. Á árunum 2008 til 2017 var fjöldi öryrkja með engar aðrar tekjur en frá Tryggingastofnun á bilinu 110 til 572, flestir árið 2017.³

Árið 2017 voru í heild 2.651 einstaklingar með örorkumat sem fengu sérstaka uppbót til framfærslu.⁴

Hætta er á að þessi breyting muni lítið sem ekkert bæta kjör þessara einstaklinga ef geta þeirra til að afla sér aukinna tekna vegna skertrar starfsgetu og langvarandi veikinda er lítil sem engin.

Þannig leggur EAPN á Íslandi mikla áherslu á að ekki sé aðeins hugað að því að draga úr skerðingum vegna annarra tekna á greiðslum ólíkra bótaflokkanna, heldur að upphæðir bóta séu einnig hækkaðar til að mæta raunverulegri framfærsluþörf þeirra sem búa við fátækt og félagslega einangrun.

Virðingarfyllt

Fh. EAPN á Íslandi

Vilborg Oddsdóttir

Formaður EAPN á Íslandi

² http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__lifskjor__1_lifsgaedi/LIF02513.px/

³ <http://www.althingi.is/altext/148/s/0174.html>

⁴

<https://datamarket.com/is/data/set/5lla/#!ds=5lla!97uv=1:97uw=3:97ux=1&display=column&title=%C3%96ro rkul%C3%ADfeyris%C3%BEegar>.

26.2.2018

Alþingi

FEB - Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni væntir þess að LEB - Landssamband eldri borgara hafi skilað inn eða skili inn umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð, 39. mál.

Umsögn LEB sem heildarsamtök eldri borgara á Íslandi, mun væntanlega falla að áður fram settri umsögn FEB við lagafrumvarp er snýr að lögum um almannatryggingar frá því í september 2016.

Með kveðju,
Gísli Jafetsson
Framkvæmdastjóri



Stangarhyl 4, 110 Reykjavík
s. 588 2111 – www.feb.is
gisli@feb.is

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Ísafirði 15. mars 2018

Efni: Umsögn Fjölmenningarseturs um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu) – Þingskjal 39 – 39. mál.

Til umsagnar er frumvarp sem hefur veruleg áhrif á aðstæður og rétt lífeyrisþega en eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu þá er stuðlað að minni skerðingu fyrir lífeyrisþega með því að fella úr gildi sérstaka uppbót á framfærslu og færa hámarksfjárhæð hennar inn í ákvæði um tekjutryggingu. Fjölmenningarsetur kemur að ýmsum málum og þar á meðal þeim sem snúa að réttindum þeirra lífeyrisþega, (endurhæfinga-, örorku og ellilífeyrisþega) sem eru með búsetuskertar lífeyrisgreiðslur en það eru að stæðstum hluta innflytjendur sem hafa búið eða dvalið hér á landi í skemmri tíma en 40 ár.

Fjölmenningarsetur tekur undir með Öryrkjabandalagi Íslands í sinni umsögn að það sé mikilvægt að frumvarpið um afnám“krónu á móti krónu „ verði að lögum. Með því sé m.a verið að bæta hag þeirra sem verst eru settir og eiga í mestri hættu að lenda í fátæktargildru, aldurstengd örorkuuppbót myndi ná þeim tilgangi að koma til móts við einstaklinga sem ekki ná að safna réttindum í lífeyrissjóð, ýmsar greiðslur s.s bætur, styrkir eða laun muni raunverulega bæta stöðu fólks og að þetta verði til þess að það sé hvetjandi þegar kemur að atvinnuþáttöku. Eins og núgildandi lög og reglur virka getur einstaklingur með skerta starfsgetu verið í þeirri stöðu að hafa engan fjárhagslegan ávinning af tekjum sínum og jafnvel í raun verið að borga með sér. Einnig er tekið undir með Öryrkjabandalagi Íslands að innleiðing starfsgetumats og endurskoðun almannatryggingakerfisins sé óháð afnámi „krónu á móti krónu“ skerðingu og mikilvægt að horft sé til þess að slíkt sé ekki skilyrði eða hafi áhrif á að hægt sé að framkvæma þessar breytingar strax. Einnig er mikilvægt að benda á að gerðar voru breytingar á réttindum ellilífeyrisþega í byrjun árs 2017 þegar umrædd skerðing var afnumin með lögum en skerðingin hefur m.a þau áhrif að einstaklingur með örorkulífeyrigræiðslur getur verið með töluvert lægri heildartekjur en sá sem náð hefur 67 ára aldri.

Það er eitt af hlutverkum Fjölmenningarseturs samkvæmt lögum að koma á framfæri til stjórnvalda ábendingum og tillögum um aðgerðir sem hafa það að markmiði að allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna. Það hefur komið í ljós að sá hópur sem er í viðkvæmri stöðu og hefur litla möguleika á að bæta hag sinn eru innflytjendur sem eru með búsetuskertar lífeyrisgreiðslur. Vegna þessa þarf að finna allar leiðir til að þessi hópur þurfi ekki að vera í þeirri stöðu að þurfa að reiða sig á heildartekjur sem eru langt undir

öllum viðmiðunum, þar með talið framfærsluviðmiðum skv. lögum um félagslega aðstoð. Í þessu samhengi má einnig taka undir það sem fram kemur í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands að það fyrirkomulag sem felst í þessu skerðingarákvæði, króna á móti krónu, sé ekki til þess fallið að tryggja einstaklingum þau réttindi sem þau hafa samkvæmt Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt.

Mikilvægt er við afgreiðslu frumvarpsins að hugað sé sérstaklega að þessum hópi og að lagabreytingar verði ekki til þess að greiðslur lækki enn frekar og að reynt verði að bæta stöðu þeirra.

Fjölmenningarsetur gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og mælir með að það verði að lögum.

Virðingarfyllt

f.h Fjölmenningarseturs



Hrefna R Magnúsdóttir

verkefnastjóri



LEB

Landsamband eldri borgara

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Landsambands eldri borgara um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um fjárhagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu).

Þingskjal 39-39.mál

Landsamband eldri borgara telur eðlilegt að lög um almannatryggingar í heild sinni verði tekin til endurskoðunar. LEB telur nauðsynlegt að dregið verðin enn frekar úr þeim skerðingum sem nú eru vegna allra tekna sem lífeyrisþegi kann að fá.

Kerfið má ekki vera þannig að það hafi letjandi áhrif á atvinnuþátttöku.

LEB telur að þetta frumvarp til laga geti verið ágætis liður í heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB

Velferðarnefnd Alþingis.

12. mars 2018

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu). Þingskjal 39 — 39. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið til frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við velferðarnefnd og Alþingi varðandi það.

Með breytingum á lögum um almannatryggingar sem tóku gildi 1. janúar 2017 var sérstök framfærslutrygging aflögð hvaða varða ellilífeyri. Mjög brýnt er að löggjafinn taki sambærilega ákvörðun gagnvart örorkulífeyrisþegum.

Samkvæmt nágildandi fyrirkomulagi og lögum leiðir aldurstengd uppbót á örorkulífeyri ekki til hærri greiðslna til þeirra sem í hlut eiga þar sem aldurstengd uppbót skerðist krónu á móti krónu gagnvart framfærslulífeyri. Þannig hefur það fyrirkomulag verið afnumið að þeir sem hafa ungir orðið öryrkjar og hafa því ekki haft tækifæri til að öðlast rétt í lífeyrissjóði né til að eignast húsnæði fái hærri bætur. Skjólstæðingar samtakanna tilheyra flestir þeim hópi

Landssamtökin Proskahjálpar hafa fengið kynningu af hálfu velferðarráðuneytis á stöðu svokallaðs starfsgetumats og telja ljóst að töluvert langur tími geti liðið þangað til síkt fyrirkomulag verði innleitt. Að mati samtakanna er með öllu óásættanlegt og fullkomlega ástæðulaust að beðið sé með svo brýnar úrbætur á almannatryggingakerfinu sem afnám framfærsluuppbótar og endurupptaka aldurtengdrar uppbótar eru. Auk þess er ljóst að þær breytingar og fyrirhugaðar breytingar m.t.t starfsgetumats eru óskyldar og alls ekki hverjar öðrum háðar.

Með vísan til framangreinds mæla Landssamtökin Proskahjálpar eindregið með samþykkt þessa lagafrumvarps

Virðingarfyllst,

f. h. Landssamtakanna Proskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 26. febrúar 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu), þskj. 39, 39. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu). MRSÍ styður frumvarpið en í greinargerð með frumvarpinu segir að með því að fella úr gildi sérstaka uppbót til framfærslu og færa hámarksfjárhæð hennar inn í ákvæði um tekjutryggingu sé stuðlað að minni skerðingu fyrir lífeyrisþega þar sem sérstaka uppbótin skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð skerðist um 100% vegna allra tekna sem lífeyrisþegi kunnir að fá. Slík skerðing hefur í daglegu tali verið nefnd „krónu á móti krónu“ skerðing. Í greinargerðinni segir og að með afnámi þessarar uppbótar myndist aukinn hvati til atvinnuþátttöku þeirra sem þessi uppbót eigi við um í dag.

Í þessu sambandi minnir MRSÍ á Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland hefur fullgilt. Í ákvæðum samningsins felst réttur allra til að lifa með mannlegri reisn. Það þýðir meðal annars að einstaklingar eigi rétt á að lifa sjálfstæðu lífi, geti aflað sér nægilegs matar, heppilegs húsnáðs, fatnaðar og viðeigandi heilsugæslu með opinberum bótum, ef um lífeyrisþega er að ræða, félagslegri aðstoð og **fyrir eigin atbeina**. Allir eiga líka að eiga þess kost, miðað við getu, að stunda vinnu eða afla sér tekna með öðrum hætti. Jafnframt felst í þessum rétti að einstaklingar haldi áfram þátttöku í þjóðfélaginu, t.d. með þátttöku í námskeiðum, menningarviðburðum, trúarlegum samkomum og öðru félagslífi sem býðst í þjóðfélaginu. Það skerðingarfyriirkomulag sem nú er, króna á móti krónu, er að mati MRSÍ, ekki til þess fallið að tryggja þau réttindi er að framan greinir.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

26.3.2018

Persónuvernd vísar til beiðni Velferðarnefndar Alþingis frá 23. febrúar 2018 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu) (39. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018, þskj. 39).

Með frumvarpinu er lagt til að sérstök uppbót til framfærslu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, verði felld úr gildi og fjárhæð hennar færð undir 22. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Frumvarpið varðar ekki reglur um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Persónuverndar,



Helga Sigríður Þórhallsdóttir
Lögfræðingur | Legal Counsel

Persónuvernd | Data Protection Authority

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, IS, (+354) 510-9600
www.personuvernd.is

Fyrirvari | Disclaimer



Reykjavík, 14.3.2018

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum almannatrygginga og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppþótar til framfærslu) þingskjal 39 – 39. mál.

ÖBÍ styður og leggur ríka áherslu á að frumvarp um afnám „krónu á móti krónu“ skerðinga verði að lögum. Afnám „krónu á móti krónu“ skerðingar er ein af þeim leiðréttingum (lagabreytingum) sem örorkulífeyrisþegar hafa kallað eftir í áraraðir.

Fyrir utan að flækja kerfið allverulega heldur „króna á móti krónu“ skerðingin örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum í fátækt. Fólki sem stendur verst fjárhagslega er gert ómögulegt að auka ráðstöfunartekjur sínar þrátt fyrir að hafa einhverjar tekjur annars staðar frá, s.s. atvinnu-, lífeyrissjóðs-, eða fjármagnstekjur. Fólki er refsað fyrir þá viðleitni að reyna að bjarga sér.

ÖBÍ hefur á árinu fundað með öllum þingflokkum um brýn hagsmunamál og þar á meðal um afnám „krónu á móti krónu“ skerðinga og lagt ofuráherslu á að hana þurfi að afnema strax. Almennt hafa þingmenn tekið vel í þessa kröfu okkar og sjá í hendi sér að ekki er hægt að afnema þessa skerðingu gagnvart eldri borgurum og láta örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sitja eftir. Gæta þarf jafnræðis á milli hópa í sömu eða svipaðri stöðu í lagasetningu. Einnig hafa forsvarsmenn ÖBÍ átt fundi með félags- og jafnréttismálaráðherra og borið sama mál upp við hann, en hann hefur lýst því yfir að ekki er hægt að afnema „króna á móti krónu“ skerðingu fyrr en breytingar verði gerðar á almannatryggingakerfinu og nýtt starfsgetumat líti dagsins ljós. Þessu er ÖBÍ ósammála. Það hvernig fólk er metið til örorku og hvernig greiðslu lífeyris vegna örorku er háttáð er sitt hvor hluturinn.

Almennur vilji til að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar

Kjarahópur og formaður ÖBÍ sendu í tvígang áskorun til alþingismanna, í mars og október 2017, um að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar með dæmum, sjá viðhengi. Svör þingmanna við áskoruninni sem fengust voru flest á þann veg að þessar 100% skerðingar verði að afnema hið fyrsta. Hvernig er hægt að réttlæta það að örorkulífeyrisþegar hafi engan ávinning af tekjum sínum annars staðar frá, s.s. atvinnutekjum eða tekjum af áralöngum sparnaði í lífeyrissjóð?

Í aðdraganda kosninga síðastliðið haust voru öll framboðin sammála um að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar, eins og fram kemur á myndbandsupptökum¹.

¹ Hlusta má á svör þeirra á eftirfarandi myndbandsupptöku: <https://www.obi.is/is/utgafa/sjonvarp-obi/file/krona-a-moti-kronu-1>.

Afnám „krónu á móti krónu“ tekjuskerðingar gagnvart öllum tekjum var eitt af þeim atriðum í skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar², sem algjör samstaða var um gagnvart öllum lífeyrisþegum.

Fulltrúar ÖBÍ ásamt fulltrúum Bjartrar framtíðar, Pírata, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í ofangreindri nefnd skrifuðu undir sérálit, dags. 11.2.2016, við skýrslu nefndarinnar. Steinunn Þóra Árnadóttir þingmaður Vinstri grænna var fulltrúi Vinstri grænna í nefndinni og skrifaði undir sérálitið fyrir hönd síns flokks.

Í sérálitinu segir:

„Það er von undirritaðra að farið verði strax í að draga verulega úr tekjuskerðingum í almannatryggingakerfinu og tryggja fólki mannsæmandi framfærslu, óháð innleiðingu starfsgetumats. Mikilvægt skref í þá veru væri að fella sérstöku framfærsluuppþótina inn í tekjutryggingu og afnema þar með „krónu á móti krónu“ skerðingar.

Eins og fram kemur í sérálitinu þarf að fara **strax** í að draga verulega úr tekjuskerðingum. Frá dagsetningu sérálitsins hefur því miður ekkert áunnist í að draga úr tekjuskerðingum lífeyris og tengdra greiðslna til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Í frumvarpinu sem hér er til umsagnar er lögð fram sama breyting og í sérálitinu, þ.e. að fella sérstöku framfærsluuppþótina inn í tekjutryggingu í því skyni að afnema „króna á móti krónu“ skerðingar.

Afnám „króna á móti krónu“ skerðinga er óháð innleiðingu starfsgetumats

Í sérálitinu frá febrúar 2016 segir að fara þurfi „strax í að draga verulega úr tekjuskerðingum í almannatryggingakerfinu og tryggja fólki mannsæmandi framfærslu, óháð innleiðingu starfsgetumats.“

Síðustu ár hefur borið á því að innleiðing starfsgetumats hefur verið sett sem skilyrði og/eða forsenda fyrir því að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar og aðrar breytingar í því skyni að draga úr tekjuskerðingum örorku- og endurhæfingarlífeyris (s.s. að hækka frítekjumörk vegna atvinnutekna).

ÖBÍ leggur þunga áherslu á að afnám „króna á móti krónu“ skerðingar er algjörlega óháð innleiðingu starfsgetumats. Mjög mikilvægt er að greina hérna á milli enda er afnám „króna á móti krónu“ skerðinga og fyrirhugaðar breytingar m.t.t. starfsgetumats óskyldar og alls óháðar.

Innleiðing starfsgetumats á langt í land og fjölmörg skilyrði þarf að uppfylla, sem meðal annars felast í úrbótum á lagaumhverfinu, áður en farið verður af stað með innleiðingarferli starfsgetumats. Því til viðbótar er vinnumarkaðurinn, bæði opinberi og almenni geirinn, ekki reiðubúinn að veita fólki með skerta starfsgetu hlutastörf og/eða bjóða upp á sveigjanleika í starfi og því er talsvert verk óunnið hvað varðar aðgengi fólks með skerta starfsgetu að vinnumarkaði.

² Nefndin skilaði Inn skýrslu til félags- og húsnæðismálaráðherra í febrúar 2016. Skýrsluna má nálgast hérna: https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/Skyrsla_nefndar_um_endurskodun_laga_um_almannatryggingar_01032016.pdf

Afnám „krónu á móti krónu“ skerðinga er óháð og óskylt endurskoðun almennatryggingakerfisins

Í umræðu um afnám „krónu á móti krónu“ skerðingar hefur því einnig verið haldið fram að ekki sé hægt að afnema þessar 100% skerðingar nema að undangenginni endurskoðun laga um almennatryggingar. Þessum rökum hafnar ÖBÍ alfarið. Frá því framfærsluuppbotin var innleidd í september 2008 hafa nokkrar nefndir um endurskoðun laga um almennatryggingar verið að störfum, án þess að útbætur hafa verið gerðar eða dregið hafi verið úr tekjuskærðingum. Tilögum að úrbótum hefur árum saman verið svarað á þann hátt að nefnd um endurskoðun laga um almennatryggingar sé að störfum. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar geta ekki beðið lengur. Þessa breytingu er hægt að framkvæma strax ef vilji er fyrir hendi og án þess að taka upp starfsgetumat eða bíða eftir að enn ein nefndin um endurskoðun almennatryggingakerfisins ljúki störfum.

„Kostnaður“ ríkissjóðs af breytingunni?

Tekjur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega annars staðar frá, s.s. atvinnutekjur og lögbundinn lífeyris- og séreignasparnaður er notaður til að niðurgreiða almennatryggingar. Slíkt grefur undan trú fólks á lífeyrissjóðskerfinu. Hvers vegna á fólk að greiða í lífeyrissjóð af tekjum sínum ef þær lífeyrissjóðstekjur þeirra (fyrir skatt) gera ekki annað en að lækka greiðslur frá TR um sömu krónutölu?

Tafla 1

Dæmi um „krónu á móti krónu“ skerðingu (2018) vegna lífeyrissjóðstekna

Framfærslu- viðmið	Lífeyrissjóðs- tekjur	Skerðing	Staðgreiðsla	Til ráðstöfunar	Skerðing og skattur
238.594	0	0	34.242	204.354	34.242
238.594	60.000	60.000	34.242	204.354	94.242

Því skal haldið til haga að stærsti hluti örorkulífeyrisþega var á vinnumarkaði áður en alvarleg veikindi eða slys urðu til þess þeir fengu örorkumat. Tæplega helmingur þeirra sem voru í fyrsta sinn metnir með 75% örorkumat á árinu 2017 voru á aldrinum 50-66 ára. Stærsti hluti örorkulífeyrisþega hefur greitt áratugum saman í lífeyrissjóð en hefur á sama tíma oft engan hag af lífeyrissjóðstekjum sínum sökum mikilla tekjuskærðinga og þá sérstaklega vegna „krónu á móti krónu“ skerðinga.

Svipuð staða er uppi hjá örorkulífeyrisþegum, sem reyna að auka tekjur sína og virkni með atvinnuþátttöku, sbr. dæmin tvö hér að neðan.

Tafla 2.

Dæmi um „krónu á móti krónu“ skerðingu

Framfærslu- viðmið	Atvinnutekjur	Skerðing	Staðgreiðsla	Til ráðstöfunar	Skerðing og skattur
238.594	0	0	34.242	204.354	34.242
238.594	40.000	40.000	34.242	204.354	74.242

Vegna skerðinga getur fólk með skerta starfsgetu verið í þeirri stöðu að hafa engan fjárhagslegan ávinning af atvinnutekjum sínum, en borgar í raun með sér.

Dæmi:

Tæplega sextug kona leitaði til ÖBÍ með kröfu frá TR að upphæð 320 þúsund kr. vegna ársins 2017. Frá janúar til júlí hafði hún verið í endurhæfingu og fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá TR. Hún var ekki með neinar aðrar tekjur og fékk því greiddar 320 þúsund kr. í framfærsluuppbot. Konan sótti um örorkulífeyri hjá TR en var metin með 50-74% örorku (örorkustyrkur) frá ágúst. Óskert upphæð örorkustyrks var rúmar 31 þúsund kr. á mánuði. Konan fékk hlutastarf frá september. Atvinnutekjur hennar eftir að endurhæfingu lýkur verða til þess að henni er gert að endurgreiða TR alla framfærsluuppbotina. Krafan er rúmlega þriðjungur af atvinnutekjum hennar á árinu.

Afnám „krónu á móti krónu“ skerðinga hvetur til atvinnuþátttöku og er augljós hvatning fyrir fólk að fara út á atvinnumarkaðinn strax.

„Króna á móti krónu“ skerðing er ekki einungis letjandi þegar kemur að atvinnuþátttöku. Lífeyrispegum, og þá sérstaklega örorku- og endurhæfingarlífeyrispegum er refsað fyrir að eiga einhvern sparnað eða leigja út húsnæði. Fjármagnstekjur skerða sérstöku framfærsluuppbotina, eins og aðrar skattskyldar tekjur. Dánarbætur skerða einnig sérstöku framfærsluuppbotina.

Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar sem eru einstæðir foreldrar með 2 börn eða fleiri á framfæri sínu geta ekki nýtt sér mæðra- og feðralaun til að mæta útgjöldum fyrir börn sín, þar sem stuðningur þessi skerðir framfærsluuppbotina um sömu fjárhæð.

Því er ekki rétt að tala um „kostnað“ ríkissjóðs af því að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar.

Innbyrðis skerðingar teknar út

Ef tekjutryggingin verður hækkuð úr 143.676 kr. í 205.448 kr., sbr. 1. gr. frumvarpsins, munu heildargreiðslur örorkulífeyrisþega með engar aðrar tekjur hækka. Hækkun þessi mun sérstaklega skila sér til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem fá örorkumat ungir. Í núverandi fyrirkomulagi skerðir aldurstengda örorkuuppbotin framfærsluuppbotina („króna á móti krónu“). Þessar innbyrðis skerðingar gera áhrif aldurstengdrar örorkuuppbotar að engu. Tilgangurinn með aldurstengdri örorkuuppbot var að koma til móts við þá einstaklinga sem hafa ekki tök á að safna réttindum í lífeyrissjóð. Aldurstengd örorkuuppbot skerðir ekki tekjutrygginguna og því myndi tilgangurinn með aldurstengdri örorkuuppbot loksins náð, það er að hún verði til að hækka lífeyrisgreiðslur.

Misræmi milli örorku- og ellilífeyrisþega

Með lögum sem tóku gildi 1.1.2017 var „króna á móti krónu“ skerðing afnumin á greiðslum til ellilífeyrisþega vegna allra skattskyldra tekna. Í töflu 3 eru sýnd áhrif þess á heildartekjur örorkulífeyrisþega að flytjast yfir á ellilífeyrisgreiðslur við 67 ára aldur. Þessi einstaklingur fær 40 þúsund kr. greiðslur úr lífeyrissjóði.

Tafla 3.

	Tekjur á mánuði		Tekjur á mánuði
Örorkulífeyrir frá TR*	198.534	Ellilífeyrir frá TR	232.734
Lífeyrissjóðstekjur	40.000	Lífeyrissjóðstekjur	40.000
Samtals fyrir skatt	204.334	Samtals fyrir skatt	272.734

*fyrsta mat við 40 ára aldur.

Það er með ólíkindum að fólk geti verið með tugi þúsunda lægri heildartekjur einungis sökum þess að það er undir 67 ára aldri, sbr. dæmið í töflu 3.

Ljóst er að löngu er orðið tímabært að afnema þessar 100% skerðingar, sem voru afnumdar á greiðslum til ellilífeyrisþega í byrjun árs 2017. Í frumvarpinu er lagt til að löggin öðlist gildi 1. janúar 2018. Ef menn vilja vera sanngjarnir og fara eftir jafnræðisreglu, þá ætti þessi breyting að taka gildi frá 1. janúar 2017.

Framfærsluuppbótin hefur aldrei náð tilgangi sínum

ÖBÍ hefur ítrekað lýst yfir miklum áhyggjum af stöðu einstaklinga sem búa við skertar greiðslur almannatrygginga vegna fyrri búsetu erlendis. Þessir einstaklingar fá aðeins hlutfall af lífeyri almannatrygginga. Um 88% örorkulífeyrisþega fær engar greiðslur frá fyrri búsetulandi, þrátt fyrir milliríkjasamninga. Hlutfallið er 100% hjá endurhæfingarlífeyrisþegum.³ Þessir einstaklingar þurfa því að reiða sig á heildartekjur sem eru langt undir öllum viðmiðum, þar með talið framfærsluviðmiðum skv. lögum um félagslega aðstoð. Á árinu 2016 voru 50 lífeyrisþegar með heildartekjur undir 80.000 kr. á mánuði.

Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð hafa meðal annars það hlutverk að tryggja að heildartekjur lífeyrisþega séu ekki undir ákveðnum skilgreindum framfærsluviðmiðum, en fyrir árið 2017 eru þessi viðmið kr. 238.534 án heimilisuppbótar og kr. 300.000 með heimilisuppbót.

Í svari þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn um lágmarksframfærslu⁴ segir, að með lögfestingu ákvæðis um sérstaka uppbót til framfærslu væri **öllum** lífeyrisþegum tryggð samkvæmt lögum ákveðin lágmarksfjárhæð til framfærslu á mánuði. Framkvæmd ákvæðisins hefur þó verið með þeim hætti að sérstök uppbót til framfærslu lífeyrisþega hefur verið skert á grundvelli fyrri búsetu erlendis með sama hætti og aðrir bótaflokkar, þvert gegn tilgangi þess. Búsetuskerðing sérstakrar framfærsluuppbótar byggir auk þess einungis á reglugerðarákvæði.

Sú fyrirætlan stjórnvalda, sbr. svar ráðherra, að tryggja öllum lífeyrisþegum ákveðna lágmarksfjárhæð til framfærslu hefur því miður aldrei verið annað en orðin tóm.⁵ Við afgreiðslu frumvarpsins er mjög mikilvægt að hugað sé sérstaklega að þessum hópi, sem er í mjög viðkvæmri stöðu, að lagabreytingin verði ekki til þess að greiðslur til þessa hóps lækki, en reynt verði að bæta stöðu fólk er tilheyrir þessum hópi.

³ Svar félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn um fjölda lífeyrisþega sem fá skertar greiðslur vegna búsetu erlendis. Þskj. 274 -34 mál. 146. löggjafarþing 2016-2017.

⁴ Svar félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn um lágmarksframfærslu. Þskj. 998 - 347. mál. 138. löggjafarþing.

⁵ ÖBÍ hefur ítrekað vakið athygli á stöðu þessa hóps. Meðal annars sendi formaður ÖBÍ opið bréf til félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hvað ávinnst með lagabreytingunni, sem felst í frumvarpinu?

Helstu atriði:

- Fátæktargildra tekin út. Stór hópur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega er fastur í þeirri stöðu að tekjur sem þeir afla sér hækka ekki ráðstöfunartekjur þeirra vegna „krónu á móti krónu“ skerðingar. Þetta bitnar verst á þeim sem hafa lægstu tekjurnar annars staðar frá. Þessir einstaklingar myndu loksins njóta þeirra tekna sem þeir afla sér.
- Útfærsla framfærsluuppbótarinnar hefur flækt kerfið verulega, þar sem hún er á skjön við aðra bótaflokk. Kerfið yrði einfaldað talsvert með því að fella framfærsluuppbótina inn í tekjutrygginguna.
- Aldurstengd örorkuuppbot myndi hætta að skerða framfærsluuppbótina og næði þar með tilgangi sínum sem er að koma til móts við einstaklinga sem ná ekki að safna réttindum í lífeyrissjóð.
- Ýmsar greiðslur sem eiga að bæta stöðu fólks í ákveðnum aðstæðum, s.s. dánarbætur, mæðra- og feðralaun og styrkir, lækka og/eða taka út framfærsluuppbótina.
- Hvetur örorkulífeyrisþega til þátttöku á vinnumarkaði.

Lokaorð.

Afnám „krónu á móti krónu“ skerðingar er ein af þeim úrbótum sem hægt er að framkvæma strax ef vilji er fyrir hendi, án þess að taka upp starfsgetumat eða ljúka heildarendurskoðun á almannatryggingalögunum.

„Króna á móti krónu“ skerðing hittir það fólk verst sem hefur lægstu framfærsluna í íslensku samfélagi og ef stjórnvöld vilja vinna gegn fátækt ætti afnám hennar að vera eitt af þeirra fyrstu verkum. Til ÖBÍ leitar fólk daglega, sem er í mjög alvarlegri stöðu vegna þessara 100% skerðinga og má með sannri segja að hér sé um kerfisbundið ofbeldi að ræða.


Ef skynsemi, réttlæti og vilji til að breyta til batnaðar, ráða gjörðum stjórnvalda, hlýtur „króna á móti krónu“ skerðingin að verða afnumin strax, þannig staðfestu stjórnvöld vilja til velferðar í verki. Vilji er allt sem þarf.

Undirrituð, f.h. ÖBÍ, mælir eindregið með að frumvarp þetta verði að lögum.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ



Reykjavík, 23.10.2017

Áskorun ÖBÍ til formanna stjórn málaflokka sem bjóða fram til Alþingis um að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) skorar á formenn allra stjórn málaflokka á Alþingi að taka höndum saman strax eftir kosningar um að draga verulega úr tekjuskerðingum í almannatryggingakerfinu frá og með árinu 2018. Áskorun þessi beinist sérstaklega að því að afnema strax „krónu á móti krónu“ skerðingar við útreikning lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Í aðdraganda alþingiskosninga haustið 2016 gáfu fjölmargir frambjóðendur loforð um að draga úr tekjuskerðingum og afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar. Því miður hefur ekkert bólað á efndum.

Sérstök framfærsluuppbót skerðist „krónu á móti krónu“ sem bitnar verst á einstaklingum með lágar tekjur. Þessar 100% skerðingar gera það að verkum að fólk er í raun fast í fátæktargildru og getur ekki bætt lífskjör sín, þrátt fyrir að hafa einhverjar aðrar tekjur.

Ágæti formaður við óskum svars frá þér í síðasta lagi þann 27. október nk. sem segir til um hvort og hvenær þinn þingflokkur ætlar að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



María Óskarsdóttir
formaður málefnaþóps ÖBÍ um kjaramál

Útskýringar og nokkur dæmi:

Í september 2008 var sérstök framfærsluuppbót innleidd í lög um félagslega aðstoð. Henni var ætlað að tryggja lífeyrisþegum ákveðna lágmarksframfærslu á mánuði. Ef allar skattskyldar tekjur lífeyrisþega, að meðtöldum tekjum frá TR, eru undir framfærsluviðmiði fær lífeyrisþegi mismuninn greiddan sem sérstaka uppbót til framfærslu.

Uppbótin er útfærð á þann hátt að allar staðgreiðsluskyldar tekjur skerða hana, krónu á móti krónu. Aðrar reglur gilda því um sérstaka framfærsluuppbót en bótaflokka almannatrygginga. Áhrif hennar hafa meðal annars komið sér illa fyrir fólk með atvinnu- og eða lífeyristekjur og einstaklinga sem fá mæðra- eða feðralaun. Sjá dæmi hér fyrir neðan.

Dæmi: Örorkulífeyrisþegi sem fær greidda sérstaka framfærsluuppbót að upphæð 50.000 kr. þarf að fá að lágmarki 50.001 kr. í tekjur annars staðar frá til að hann fái raunverulega tekjuaukningu.

Ef viðkomandi er hins vegar með 49.990 kr. í tekjur annars staðar frá fengi hann heilar 10 kr. í sérstaka framfærsluuppbót. Það breytir því engu um stöðu hans hvort hann hefði fyrir því að stunda atvinnu með laun allt að 49.990 kr. á mánuði eða hvort hann fengi þá sömu upphæð úr lífeyrissjóði. Vegna sérstöku framfærsluuppbótarinnar væri hann með sömu innkomu og ef hann hefði engar aðrar tekjur (s.s. lífeyrissjóðs-, atvinnu- og/eða fjármagnstekjur).

Mikilvægt er að lífeyrisþegar njóti fjárhagslegs ávinnings af tekjum sem eru til viðbótar við greiðslur almannatrygginga, slíkt myndi auka virkni og bæta lífsskilyrði þeirra. Örorkulífeyrisþegar sjá til að mynda ekki ávinning af því að hafa greitt í lífeyrissjóð af tekjum sínum, þegar samanlagðar tekjur þeirra eru þær sömu með og án lífeyrissjóðsteknanna. Þessir einstaklingar upplifa algjört tilgangssleysi með skyldubundnum greiðslum.

ÖBÍ hefur ítrekað lagt til að sérstök uppbót til framfærslu verði felld inn í tekjutrygginguna. Slík breytingin myndi auk þess einfalda kerfið til muna. Við breytinguna þarf þó að tryggja að engir örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþegar fái lægri greiðslur frá TR. Ávallt skal tryggja mannsæmandi grunnframfærslu.

Dæmi I. Séreignasparnaður

Jón er 45 ára endurhæfingarlífeyrisþegi. Hann tók út 300.000 kr. séreignasparnað (fyrir skatt) og við það lækkuðu greiðslur til hans frá TR um 25.000 kr. á mánuði (samtals 300.000 kr.) eða krónu á móti krónu. Myndir þú sætta þig við þetta?

Dæmi II. Lífeyrissjóðstekjur:

Árni er 50 ára örorkulífeyrisþegi. Eftir að hann fékk greiðslur frá lífeyrissjóði sínum, 40.000 kr. á mánuði (fyrir skatt) lækkuðu greiðslur Tryggingastofnunar til hans um sömu upphæð. Samanlagðar tekjur hans eru 196.610 kr. eftir skatt, með og án lífeyrissjóðstekna. Það bætir því engu við lífsskjör hans að hafa greitt í lífeyrissjóð og áunnið sér rétt þar. Myndir þú sætta þig við þetta?

Dæmi III. Atvinnutekjur:

Sunna er 30 ára örorkulífeyrisþegi. Hún hefur mjög litla starfsgetu en nær að vinna sér inn 20.000 kr. á mánuði (fyrir skatt og iðgjöld). Þrátt fyrir atvinnutekjurnar hækka samanlagðar ráðstöfunartekjur ekkert, hún fær áfram útborgað 196.610 kr. á mánuði. Atvinnutekjur hennar lækka greiðslur TR til hennar um 20.000 kr. (krónu á móti krónu) á mánuði. Hvatinn til vinnu er enginn. Finnst þér þetta í lagi?

Dæmi IV: Dánarbætur frá TR.

Anna er 50 ára örorkulífeyrisþegi. Við andlát eiginmannsins sótti hún um dánarbætur hjá Tryggingastofnun, sem eru 47.186 kr. fyrir skatt. Við það lækkuðu greiðslur Tryggingastofnunar til hennar um nákvæmlega sömu krónutölu. Finnst þér þetta í lagi?